

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur
í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,
nr. 594/1993, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 2. gr. b. bætist við ný grein, 2. gr. c, sem hljóðar svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/96 frá 1. mars 1996 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

reglugerð framkvæmdastjómarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 479/92.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér viðbót við XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytinu, 15. apríl 1996.

F. h. r.

Þorkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

17. apríl 1996

Nr. 227

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við hjólreiðum á Laugavegi frá Hlemmi að Bankastræti og á gangstéttum í Bankastræti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 10. maí 1996.

Lögglustjórinn í Reykjavík, 17. apríl 1996.

Böðvar Bragason.

e.u.

Sturla Þórðarson.